# Lestrarstefna Stórutjarnaskóla

Lestur fyrir lífið því lestur er undirstaða alls.

Góð lestrarkunnátta og færni er öllum nauðsynleg og er forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta, til afþreyingar og skemmtunar. Lestur er undirstaða almennrar menntunar og gefur tækifæri til að öðlast hlutdeild í heimi upplýsingatækni. Lestrarfærni er mótandi fyrir sjálfsmynd barnsins og stuðlar að auknum orðaforða og betra valdi á máli.

Í Stórutjarnaskóla eru unnið með lestur og ritun á fjölbreyttan hátt og er leitast við að mæta hverju nemanda þar sem hann er staddur. Ýta undir áhuga og getu hvers og eins til lesturs og læsis í víðum skilning. Stórutjarnaskóli hefur ákveðna lestrarstefnu. Í henni eru upplýsingar um þau markmið sem skólinn setur sér í lestri fyrir leikskóla- og grunnskólastig, hvaða leiðir við kjósum að fara í lestrarkennslu og hvaða próf eða námsmat er notað.

| | Hæfniviðmið í leikskóla (yngri) | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• tekur þátt í hópastarfi<br>• tekur þátt í samverustundum<br>• getur hlustað á aðra segja frá<br>• getur hlustað á sögu lesna eða sagða<br>• sýni framfarir í málþroska, orðaforða og frásögn | • söngur<br>• þulur og rím<br>• samræður og frásagnir<br>• bóklestur, bækur aðgengilegar<br>• loðtöflusögur<br>• munnlegar sögur<br>• bullusögur<br>• unnið með *Ljáðu mér eyra* og *Lubbi finnur málbeinið*<br>• lestrarhvetnandi umhverfi<br>• lestrarhvetjandi spil<br>• leirað og föndrað<br>• unnið með takt á fjölbreyttan hátt s.s. klappað, dansað, hoppað, gengið í þúfum og snjó | • AEPS færnimiðað matskerfi (iðjuþjálfi) aðeins ef þörf er á<br>• Íslenski þroskalistinn- allir á hverju vori |
| Ritun | Nemandinn:<br>• Æfir blýants- og pensilgrip<br>• Æfir fínhreyfingar<br>• Æfir grófhreyfingar | • skriffæri og blöð notuð daglega<br>• unnið með fínhreyfingar m.a. með leir, perlum, kubbum, pinnum og í myndlist<br>• unnið með jafnvægi og grófhreyfingar í útiveru | |

| | Hæfniviðmið í leikskóla (eldri) | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• tekur þátt í hópastarfi<br>• tekur þátt í samverustundum<br>• getur hlustað á aðra segja frá<br>• getur hlustað á sögu lesna eða sagða<br>• getur hlustað á sögu í hvíld<br>• sýni framfarir í málþroska, orðaforða og frásögn<br>• þekkir stafinn sinn og nafnið sitt | • söngur, þulur og rím<br>• samræður og frásagnir<br>• bóklestur, bækur aðgengilegar<br>• loðtöflusögur<br>• munnlegar sögur og bullusögur<br>• Sögugrunnur notaður<br>• unnið með *Ljáðu mér eyra* og *Lubbi finnur málbeinið*<br>• bókasafnskennsla í hverri viku<br>• tónmennt og kór hjá tónlistarkennar í hverri viku<br>• lestrarhvetnandi umhverfi<br>• lestrarhvetjandi spil<br>• bókstafa- og tölustafavinna<br>• leirað og föndrað stafi<br>• unnið með takt á fjölbreyttan hátt s.s. klappað, dansað, hoppað, gengið í þúfum og snjó<br>• íslensku- og stærðfræði val með hópi 1 í stofu 1 | • Hreyfiþroskapróf Varmárskóli, 5.ára að vori<br>• HLJÓM-2 málþroskaskimun. síðasta haust í leikskóla<br>• AEPS færnimiðað matskerfi (iðjuþjálfi) aðeins ef þörf er á<br>• Íslenski þroskalistinn- allir á hverju vori |
| Ritun | Nemandinn:<br>• lærir blýants- og pensilgrip<br>• skrifar stafinn sinn<br>• þjálfar fínhreyfingar<br>• þjálfar grófhreyfingar | • skriffæri og blöð notuð daglega<br>• unnið með fínhreyfingar m.a. með leir, perlum, kubbum, pinnum og í myndlist<br>• unnið með jafnvægi og grófhreyfingar í útiveru og íþróttatímum | |

| | Hæfniviðmið í 1. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• kann íslensku stafina og hljóð þeirra<br>• getur lesið og leikið með einfaldan texta<br>• getur lesið úr myndrænu efni<br>• getur valið sér lestrarbók við hæfi<br>• rímar og klappar atkvæði í orðum<br>• skilur einfaldan texta<br>• skilur einfaldan lesinn texta og tekur þátt í umræðum | • spil og leikir<br>• yndislestur<br>• lesið daglega heima og í skóla og kvittað fyrir<br>• bókasafn einu sinni í viku<br>• unnið í verkefnabókum<br>• skrifuð saga og lesin fyrir bekkinn með aðstoð kennara<br>• ýmis lestrarverkefni í ísl-vali<br>• tölvuforrit | • *stafakönnun* 4 sinnum á vetri ef barn þekkir ekki alla stafi og hljóð þeirra<br>• *hraðlestrarpróf* upphátt 4 sinnum á vetri fyrir þá sem þekkja alla stafi og tengja hljóð og tákn<br>• *áhugi, viðhorf og vinnubrögð* metin af kennara<br>• *Leið til læsis* lesskilningspróf á haust- og vorönn |
| Ritun | Nemandinn:<br>• hefur rétt blýantsgrip og dregur rétt til stafs<br>• getur skrifað stutta sögu (tvær til þrjár línur í sögubók)<br>• getur tjáð sig með mynd | • grunnatrið í ítalíuskrift kennd<br>• sporablöð<br>• saga skrifuð og myndskreytt í sögubók<br>• stafavinna og verkefni í verkefnabókum<br>• myndasögugerð | • *skriftarkönnun* 2 sinnum að vetri<br>• vinnubrögð og áhugi metin af kennara |

<table>
<tr><th></th><th>Hæfniviðmið í 2. bekk</th><th>Leiðir</th><th>Námsmat</th></tr>
<tr><td>Lestur og skilningur</td><td>Nemandinn:<ul><li>getur lesið upphátt og í hljóði sér til gagns og gamans</li><li>getur svarað spurningum úr og endursagt einfaldan lesinn texta</li><li>getur lesið og farið eftir einföldum skriflegum fyrirmælum</li><li>skilur einfalt myndrænt efni</li><li>þekkir aldursmiðuð hugtök tengd lestri og bókum</li><li>getur valið sér lesefni við hæfi</li><li>getur hlustað og virt flutning annarra á lesefni</li><li>getur tekið þátt í umræðu um lesinn texta og notað fjölbreyttan orðaforða</li></ul></td><td><ul><li>lesið a.m.k. fimm sinnum í skóla fyrir kennara</li><li>lesið a.m.k. fimm sinnum heima í viku fyrir fullorðinn sem kvittar fyrir</li><li>yndislestur daglega</li><li>farið á bókasafn a.m.k einu sinni í viku</li><li>unnið með hljóð, stafi, stafasambönd, orð og setningar á fjölbreyttan hátt svo og atkvæði og rím</li><li>námsgögn s.s. vinnubækur, sögubækur, ljóð, þjóðsögur og myndasögur, spil og gagnvirkt efni í tölvu, notað</li><li>atriði æfð og komið fram á samkomum</li></ul></td><td><ul><li>hraðlestrarpróf upphátt 4 sinnum á vetri</li><li>sérstök aðstoð fyrir þá nemendur sem ekki kunna alla stafi og hljóð þeirra og þá sem ekki ná 40 a.á.m. upphátt að hausti</li><li>Leið til læsis lesskilningspróf á haust- og vorönn</li><li>áhugi, viðhorf og vinnubrögð metin af kennara</li></ul></td></tr>
<tr><td>Ritun</td><td>Nemandinn:<ul><li>getur samið og skrifað eigin sögu og lesið fyrir samnemendur</li><li>dregur rétt til stafs og hefur bil á milli orða</li><li>notar hástafi og lágstafi við hæfi</li></ul></td><td><ul><li>ítalíuskrift æfð og notuð í verkefnabókum og sögubók</li><li>grunnatriði í sögugerð, málfræði og stafsetningu æfð í verkefnabókum og sögubók</li></ul></td><td><ul><li>skriftarkönnun 2 sinnum að vetri</li><li>áhugi, viðhorf og vinnubrögð metin af kennara</li></ul></td></tr>
</table>

| | Hæfniviðmið í 3. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• getur lesið sér til ánægju og gagns<br>• velur sér lesefni við hæfi<br>• getur lesið texta, svarað spurningum og endursagt aðalatriði<br>• getur lesið og farið eftir einföldum skriflegum fyrirmælum<br>• getur lesið eigin texta fyrir samnemendur<br>• skilur aldursmiðaðan texta og tekur þátt í umræðu um efnið<br>• skilur hugtök tengd texta og bókmenntum | • lesið a.m.k fimm sinnum í viku fyrir kennara<br>• lesið a.m.k fimm sinnum heima fyrir fullorðin sem kvittar fyrir<br>• yndislestur<br>• farið á bókasafn a.m.k einu sinni í viku<br>• unnið á fjölbreyttan hátt með texta í vinnubókum og með spilum<br>• unnið með grunnatriði í stafsetningu<br>• saga skrifuð í sögubók og lesin fyrir samnemendur<br>• unnið með sögur og ljóð<br>• atriði æfð og flutt á samkomum | • *Orðarún* les- og málskilningspróf 2 sinnum á vetri<br>• *hraðlestrarpróf* upphátt 4 sinnum á vetri<br>• *sérstök aðstoð* fyrir þá nemendur sem ekki ná 70 a.á.m. upphátt að hausti og/ eða eiga erfitt með lesskilning<br>• *áhugi, viðhorf og vinnubrögð* metin af kennara |
| Ritun | Nemandinn:<br>• getur skrifað sögu með upphafi, söguþræði og endi<br>• notar hástafi og lágstafi þar sem það á við<br>• hefur tileinkað sér að nota ítalíuskrift í sögugerð, skrifar læsilega og hefur bil á milli orða | • ítalíuskrift æfð og notuð í verkefnabókum og sögubók<br>• grunnatriði í sögugerð, málfræði og stafsetningu æfð í verkefnabókum og sögubók | • *skriftarkönnun* 2 sinnum að vetri<br>• sögugerð metin<br>• *áhugi, viðhorf og vinnubrögð* metin af kennara |

| | Hæfniviðmið í 4. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Lestur og skilningur** | Nemandinn:<br>• getur lesið upphátt og í hljóði sér til gagns og fróðleiks<br>• getur beitt hrynjanda í lestri eftir innihaldi textans<br>• getur lesið fyrirmæli og farið eftir þeim<br>• getur beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði og boðskap<br>• getur lesið úr táknmyndum og myndrænu efni | • lesið daglega fjölbreytt efni<br>• lesið a.m.k fimm sinnum heima á viku fyrir fullorðin sem kvittar fyrir<br>• yndislestur<br>• samlestur<br>• gagnvirkur lestur<br>• lestrarátak að minnsta kosti einu sinni á vetri<br>• sæki lestrarbækur á bókasafn og velji sér efni við hæfi | • *samræmt próf* í september<br>• *hraðlestrarpróf* upphátt 3 sinnum á vetri<br>• *hraðlestrarpróf*  í hljóði 3 sinnum á vetri fyrir þá sem hafa náð 160 a.á.m. upphátt<br>• *Orðarún* les- og málskilningspróf 2 sinnum á vetri<br><br>• *sérstök aðstoð* fyrir þá nemendur sem ekki ná 110 a.á.m. upphátt að hausti og/ eða eiga erfitt með lesskilning |
| **Ritun** | Nemandinn:<br>• getur dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega<br>• getur skrifað ítalíuskrift með tengiskrift<br>• notar lág- og hástafi á réttum stöðum<br>• getur samið texta frá eigin brjósti<br>• getur samið sögur með upphafi, meginmáli og endi<br>• getur beitt einföldum stafsetningarreglum<br>• getur skrifað einfalda texta í tölvu | • unnið á fjölbreyttan hátt með texta í vinnubókum og spilum<br>• unnið með grunnatriði í stafsetningu<br>• unnið að sögugerð<br>• unnið með sögur og ljóð<br>• textar æfðir og fluttir á samkomum | • *skriftarkönnun* 2 sinnum að vetri<br>• *áhugi og vinnubrögð* metin af kennara<br><br>• *stafsetning og ritun* metin |

<table>
<tr><th></th><th>Hæfniviðmið í 5. bekk</th><th>Leiðir</th><th>Námsmat</th></tr>
<tr><td>Lestur og skilningur</td><td>Nemandinn:<br>• getur lesið upphátt og í hljóði sér til gagns og fróðleiks<br>• getur beitt hrynjanda í lestri og lesið eftir greinarmerkjum<br>• getur lesið fyrirmæli og farið eftir þeim<br>• getur lesið úr myndritum<br>• getur beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði og boðskap<br>• getur endursagt efni úr texta og geti gert grein fyrir aðalefni hans<br>• getur notað orðabækur</td><td rowspan="2">• lesið daglega fjölbreytt efni, upphátt eða í hljóði<br>• heimalestur daglega<br>• yndislestur<br>• samlestur<br>• gagnvirkur lestur<br>• lestrarátak að minnsta kosti einu sinni á vetri<br>• sæki lestrarbækur á bókasafn og velji sér efni við hæfi<br>• unnið á fjölbreyttan hátt með texta í vinnubókum og spilum<br>• unnið með grunnatriði í stafsetningu<br>• unnið að sögugerð<br>• unnið með sögur og ljóð<br>• textar æfðir og fluttir á samkomum</td><td>• hraðlestrarpróf upphátt 3 sinnum á vetri<br>• hraðlestrarpróf í hljóði 3 sinnum á vetri fyrir þá sem hafa náð lágmarksviðmiði upphátt<br>• Orðarún les- og málskilningspróf 2 sinnum á vetri<br>• sérstök aðstoð fyrir þá nemendur sem ekki ná lágmarksmiðmiði upphátt að hausti og/ eða eiga erfitt með lesskilning</td></tr>
<tr><td>Ritun</td><td>Nemandinn:<br>• getur dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og greinilega<br>• getur skrifað ítalíuskrift með tengiskrift<br>• notar lág og hástafi á réttum stöðum<br>• getur beitt grunnþáttum í byggingu texta<br>• getur samið einfaldan úrdrátt úr texta<br>• getur nýtt sér helstu stafsetningarreglur<br>• getur skrifað texta frá eigin brjósti í tölvu</td><td>• skriftarkönnun 2 sinnum að vetri<br>• áhugi og vinnubrögð metin af kennara<br>• stafsetning og ritun metin</td></tr>
</table>

| | Hæfniviðmið í 6. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• hefur tileinkað sér góðan upplestur<br>• getur lesið sér til ánægju<br>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða<br>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í texta og endursagt<br>• getur nýtt sér ólíka miðla við upplýsingaöflun og er læs á myndmál og myndrit<br>• getur metið gildi og trúverðugleika upplýsinga að nokkru leyti<br>• getur túlkað og skilið fróðleiks- og bókmenntatexta | • lesið daglega heima og í skóla<br>• yndislestur<br>• notkun skólabókasafns<br>• fjölbreytt vinna með orðaforða<br>• fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• hraðlestraræfingar<br>• lestrarátak<br>• hraðlestrarátak | • *hraðlestrarpróf* upphátt 3 sinnum á vetri<br>• *Hraðlestrarpróf* í hljóði 3 sinnum á vetri<br>• *Orðarún les- og málskilningspróf* 2 sinnum á vetri, sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning<br>• *Framsagnarpróf* fyrir þá nemendur sem hafa náð 200 a. á. m.tvisvar sinnum upphátt<br>• *sérstök aðstoð* fyrir þá nemendur sem ekki ná 170 a.á.m. upphátt að hausti og/ eða eiga erfitt með lesskilning, hraðlestrarpróf upphátt 3 sinnum á vetri fyrir þá sömu. |
| Ritun | Nemandinn:<br>• getur skrifað skýrt og læsilega<br>• getur skrifað ítalíuskrift með tengiskrift<br>• getur samið fjölbreytta texta<br>• getur dregið út aðalatriði og endursagt efni skriflega<br>• getur tjáð hugmyndir sínar og reynslu af öryggi | • fjölbreytt ritun<br>• tengiskrift notuð<br>• ritvinnsla á tölvu<br>• bókmenntaritgerð skrifuð | • *skriftarkönnun* 2 sinnum að vetri<br>• *bókmenntaritgerð* metin<br>• *stafsetning* metin |

| | Hæfniviðmið í 7. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• getur lesið sér til ánægju og fróðleiks<br>• Hefur tileinkað sér góðan upplestur og heldur athygli áheyrenda<br>• getur beitt mismunandi lestraraðferðum<br>• getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað<br>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða<br>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra<br>• getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær | • yndislestur<br>• notkun skólabókasafns<br>• fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• hraðlestraræfingar<br>• lestrarátak<br>• hraðlestrarátak<br>• framsögn með lestri og flutningi ýmiskonar bókmennta og leikþátta | • Lesfimipróf þrisvar sinnum á vetri<br>• Orðarún les- og málskilningspróf 2 sinnum á vetri, sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning<br>• framsagnarpróf fyrir þá nemendur sem hafa náð 200 a. á. m.tvisvar sinnum upphátt.<br>• sérstök aðstoð fyrir þá nemendur sem ekki ná 200 a.á.m. upphátt að hausti, hraðlestrarpróf upphátt þrisvar sinnum á vetri fyrir þá sömu.<br>• sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning |
| Ritun | Nemandinn:<br>• getur skrifað skýrt og læsilega<br>• notar tengiskrift<br>• getur samið fjölbreytta texta og beitt ólíkum stílbrögðum<br>• getur gagnrýnt og endurskoðað eigin texta<br>• getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar af öryggi<br>• getur nýtt sér ólíka miðla við ritun og beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu<br>• getur sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga og heimilda | • tengiskrift notuð<br>• fjölbreytt skrifleg verkefni<br>• ritvinnsla á tölvu<br>• bókmenntaritgerð skrifuð | • *skriftarkönnun* 2 sinnum að vetri<br>• *verkefni* metin<br>• *bókmenntaritgerð* metin<br>• *stafsetning* metin |

| | Hæfniviðmið í 8. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• getur lesið ólíka texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• getur nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning<br>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum<br>• getur notað orðabækur og önnur uppflettirit<br>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra<br>• getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær | • yndislestur<br>• fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• hraðlestraræfingar<br>• hraðlestrarátak<br>• notkun skólabókasafns<br>• unnið með ýmiskonar bókmenntatexta.<br>• framsögn með lestri og flutningi ýmiskonar bókmennta og leikþátta<br>• ýmis orða- og hugtakavinna<br>• gerð hugarkorta<br>• vinna með upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum<br>• ýmis tölvu- og ritvinnsluforrit | • *hraðlestrarpróf í hljóði* 3 sinnum á vetri<br>• *framsagnarpróf* 2 sinnum upphátt<br>• *Orðarún les- og málskilningspróf* 2 sinnum á vetri, sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning<br>• sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning<br><br>• *sérstök aðstoð* fyrir þá nemendur sem ekki náðu viðmiði síðasta vor, hraðlestrarpróf upphátt þrisvar sinnum á vetri fyrir þá sömu. |
| ritun | Nemandinn:<br>• getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi<br>• notar tengiskrift<br>• getur tjáð sig í rituðu máli og nýtt sér viðeigandi hjálpargögn<br>• getur skrifað fjölbreyttan texta og miðlað þekkingu sinni, hugsun og tilfinningum<br>• getur aflað sér heimilda og lagt mat á þær og vísað til þeirra | • fjölbreytt skrifleg verkefni<br>• tengiskrift notuð<br>• ritvinnsla á tölvu<br>• fræðsluefni<br>• heimildaritgerð skrifuð | • *skriftarkönnun* 2 sinnum að vetri<br>• *verkefni* metin<br>• *heimildaritgerð* metin<br>• *stafsetning og ritun* metin |

| | Hæfniviðmið í 9. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• getur lesið ólíka texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• getur nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning<br>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum<br>• getur notað orðabækur og önnur uppflettirit<br>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra<br>• getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær | • yndislestur<br>• fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• notkun skólabókasafns<br>• unnið með ýmiskonar bókmenntatexta.<br>• framsögn með lestri og flutningi ýmiskonar bókmennta og leikþátta<br>• ýmis orða- og hugtakavinna<br>• gerð hugarkorta<br>• vinna með upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum<br>• ýmis tölvu- og ritvinnsluforrit | • *hraðlestrarpróf í hljóði* í lok vetrar<br><br>• sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning<br><br>• *sérstök aðstoð* fyrir þá nemendur sem ekki náðu viðmiði síðasta vors og hraðlestrarpróf upphátt þrisvar sinnum á vetri fyrir þá sömu. |
| ritun | Nemandinn:<br>• getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi<br>• notar tengiskrift<br>• getur tjáð sig í rituðu máli og nýtt sér viðeigandi hjálpargögn<br>• getur skrifað fjölbreyttan texta og miðlað þekkingu sinni, hugsun og tilfinningum<br>• getur aflað sér heimilda og lagt mat á þær og vísað til þeirra | • fjölbreytt skrifleg verkefni<br>• ritvinnsla á tölvu<br>• fræðsluefni<br>• heimildaritgerð skrifuð | • *verkefni* metin<br>• *heimildaritgerð* metin |

| | Hæfniviðmið í 10. bekk | Leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Lestur og skilningur | Nemandinn:<br>• getur lesið ólíka texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað<br>• getur nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning<br>• getur greint aðalatriði frá aukaatriðum<br>• getur notað orðabækur og önnur uppflettirit<br>• getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra<br>• getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær | • yndislestur<br>• fjölbreyttar lestraraðferðir<br>• notkun skólabókasafns<br>• unnið með ýmiskonar bókmenntatexta.<br>• framsögn með lestri og flutningi ýmiskonar bókmennta og leikþátta<br>• ýmis orða- og hugtakavinna<br>• vinna með upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum<br>• ýmis tölvu- og ritvinnsluforrit | • samræmd próf að vori<br>• sérstök aðstoð við þá sem eiga erfitt með lesskilning<br>• *sérstök aðstoð* fyrir þá nemendur sem ekki náðu viðmiði síðasta vors og hraðlestrarpróf upphátt þrisvar sinnum á vetri fyrir þá sömu. |
| ritun | Nemandinn:<br>• getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi<br>• notar tengiskrift<br>• getur tjáð sig í rituðu máli og nýtt sér viðeigandi hjálpargögn<br>• getur skrifað fjölbreyttan texta og miðlað þekkingu sinni, hugsun og tilfinningum<br>• getur aflað sér heimilda og lagt mat á þær og vísað til þeirra | • fjölbreytt skrifleg verkefni<br>• tengiskrift notuð<br>• ritvinnsla á tölvu<br>• fræðsluefni<br>• heimildaritgerð skrifuð | • *verkefni* metin<br>• *heimildaritgerð* metin |